

FJÖLLIN SEM EFNIVIÐUR OG INNBLÁSTUR

Í berginu sem Páll Guðmundsson frá Húsafelli notar til listsköpunar býr ekki aðeins myndræn fegurð heldur einnig tónlist og leyndardómar. HEIÐA JÓHANNS-DÓTTIR heimsótti Pál þar sem hann undirbjó sýningu sína í Ásmundarsafni sem opnuð verður í dag.

PÁLL byrjar á því að sýna blaðamanni forlata steinhörpu sem hann hefur búið til og er án efa eitt af nýstárlegustu verkum sýningarinnar. Harpan er eins og risavaxið nótnaborð frá steinöld, en það er unnið úr líparíthellum sem lagðar eru yfir hola trjálurka. Harpan nær yfir tæpar fjórar áttundir og hljómar vel hvort sem er í dúr eða moll. Páll naut aðstoðar systurdóttur sinnar, Ástríðar Öldu Sigurðardóttur, við gerð hljóðfærins en það tók hann langan tíma að safna öllum tónunum í hörpuna. „Ég gafst ekki upp fyrr en ég var búinn að finna hreinu tónana í allt verkið. Besta h-ið sem ég gat fundið reyndist til dæmis vera ein af steinmyndunum mínum þannig að ég notaði hana í hörpuna. Þetta er mjög fínt h,“ segir Páll og leikur tóna úr Niundu sinfóníu Beethovens máli sínu til stuðnings.

Áskell Músson tónskáld hefur samið tónverk fyrir steinhörpuna og víolu sem verður frumflutt á opnuninni sem hefst kl. 14, en á sýningartímanum mun gestum gefast kostur á að leika á hljóðfærið.

Fjöllin og náttúran


Sýningin ber heitið „Fjöll rímar við tröll“ og eru öll verkin sótt í fjöllin og bæjargilið í kringum heimahaga Páls, hvort sem er í efnislegri eða innblásinni mynd. Er þar um að ræða stórar og smáar höggmyndir, mósaíkmynd, og tíu

metra langa vatnslitamynd sem sýnir fjalla-hringinn eins og hann blasir við Páli út um gluggann á vinnustofu hans að Húsafelli. Verk Páls eru valin saman við verk eftir Ásmund Sveinsson, „en hann leitaði mjög til náttúrunnar í verkum sínum, sérstaklega fjallanna,“ segir Páll. Hann hefur auk þess valið nokkrar skissur og teikningar eftir Ásmund til sýningar en þar gefur m.a. að líta myndir af hljóðfærleikurum.

Þjóðsögur og sagnir hafa einnig orðið listamönnum drjúgt viðfangsefni. Eitt af stærstu verkum Páls er steinskúlpúr sem ber heitið „Sörli er heygður Húsafells í túni“, og er mikill grjóthnullungur þar sem mótar fyrir hestshausi öðrum megin og mannsandliti hinum megin. „Við bróðir minn vorum að stækka farveginn í bæjargilinu þegar þessi steinn kom upp. Hann vegur rúm sjö tonn og í honum eru Skúli og Sörli úr kvæðinu Skúlaskeið.“ Auk þess gefur að líta ýmsar kynjaverur á borð við marbendil og ísbjörn.

Myndir í berginu

Páll hefur ekki eingöngu fundið hreina tóna í líparíthellunum, heldur eins konar leynimyndir sem hann hefur gert úr listaverk sem hann kallar „steinsamlökur“. Þar er um að ræða klofna steina með myndum sem koma í ljós sín hvorum megin þegar þeir eru opnaðir. Í einu verkinu er að finna portretmynd af Halldóri Laxness og á móti honum er sjálfur Snorri Sturluson. „Þetta er alveg náttúrulegt,“ segir



Morgunblaðið/Asdís

Páll frá Húsafelli við höggmyndina „Sörli er heygður Húsafells í túni“

Páll og vísar þannig til þeirrar miklu visku sem býr í náttúrunni. Í einni líparíthellunni fann Páll síðan vísi að sjálfsmýnd, sem hann hefur dregið fram. Hann bendir á mosann í berginu sem myndar skeggbrodda á andliti hans í verkinu.

Að lokum bendir Páll á tenginguna við Ásmund Sveinsson sem honum þykir einna vænst

um. „Hallsteinn bróðir Ásmundar bjó í Borgarnesi og við vorum miklir vinir. Hann var mikill listunandi og kom oft heim að Húsafelli og skoðaði myndirnar mínar. Ég gerði af honum höggmynd árið 1985 og vann hana í kjallaranum hjá gamla manningum. Þessa höggmynd hef ég á sýningunni,“ segir Páll frá Húsafelli að lokum.



Morgunblaðið/Árni Sæberg

Robert Dell vinnur með samspil vatns, ljóss og hita í verkum sínum.

HÖGGMYNDIR SEM HÆGT ER AÐ YLJA SÉR VIÐ

Í LISTASAFNI Reykjavíkur – Hafnarhúsi verður nú opnuð í fyrsta sinn sýning í útiportinu. Myndlistarmaðurinn Robert Dell sýnir útilistaverk sem m.a. eru unnið úr kopar, stáli og kristal. Um þau streymir heitt vatn, auk þess sem birta, vindar og úrkoma munu stuðla að því samspili ljóss, vatns og hita sem lagt er út af í verkunum. Sýningin verður opnuð í dag, laugardag, kl. 16 og mun standa í tvo mánuði.

Náttúruöflin gerð sýnileg

Dell hefur unnið með höggmyndahugmyndir sínar allt frá 1988, þegar hann fékk Fulbright-ramsóknarstyrk til að þróa jarðhitatengda höggmynd sem var sett upp tímabundið í Krýsuvík en stendur nú við Perluna í Reykjavík. Þá hefur hann m.a. aflað sér nokkurrar verkfræðikunnáttu til þess að geta leyst tæknilegar hlíðar hugmyndanna. Með höggmyndunum sínum leitast hann við að gera náttúruöflin sýnileg og áþreifanleg, en hann telur mikilvægt að verkin vinni í sátt og samlyndi við náttúruna og gangi ekki á hana á neinn hátt. „Ein af meginhugmyndunum með verkunum er að benda á hversu dýrmæt náttúran og efnid sem í henni finnst er. Hún er lifandi, breytileg og viðkvæm.“ Höggmyndir Dells tjá þennan breytileika, en efnid sem þær eru gerðar úr tekur á sig ólíkar myndir og liti eftir vind- og veðrabrigðum. Þannig ráðleggur Dell fólki að koma og skoða skúlptúrana oftast en einu sinni, því upplifunin breytist eftir því hvort það er hjart eða dimmt, heitt eða kalt.

„Skúlptúrarnir hafa sitt eigið „lökamskerfi“ og það bregst við veðrabrigðum og lögmálum náttúrunnar.“

Þegar Dell er spurður hvers vegna hann velji að sýna verk sín á Íslandi segir hann hinn óskýranlega kraft landsins höfða til sín. „Þegar ég kom hingað fyrst fannst mér ég vera kominn heim,“ segir hann. „Auk þess búa Íslendingar yfir mjög þróaðri jarðhitánýtingu en það er mikilvægur þáttur í verkum mínum, þar nýti ég jarðhitann til að gera þá orku sem býr í jörðinni sýnilega.“ Í verkunum leitast Dell t.d. við að persónu- og efnisgera þessa orku, og gera hana um leið sýnilega og skiljanlega. „Verkin eru ekki yfirþyrmandi eða ógnandi heldur hlý, róandi og persónuleg. Ég hef t.d. séð börn ylja sér upp við höggmyndina við Perluna,“ bætir hann við. Dell notar einnig kopar talsvert í þeim verkum sem hann sýnir í útiporti Hafnarhússins. „Koparinn er svo lifandi, hann bregst hratt við hita- og kuldbreytingum og skiptir litum. Hann er eins og húðin.“ Þá notar hann kristalla en þeir miðla ljósi auk þess að vísa til samþjöppunarorku jarðarinnar. Dell segir verk sín mjög vandlega unnið með tilliti til fagurfræðilegra markmiða sinna. Þannig mynda þau nákvæm, tæknileg og efnisleg kerfi sem mynda eins konar gervilífheild. „Þetta er fyrir mér nútíma goðafræði, sem nýtir nútímatækni til að tjá virðingu fyrir jörðinni sem er stoðkerfi tilveru okkar. Ég vil hins vegar ekki þröngva henni upp á neinn, tjáningin er hér og fólk getur komið og hlustað ef það vill. Það skilur mér,“ segir Robert Dell að lokum.